

Orkustofnun
Sylvia Raket Guðjónsdóttir
Grensásvegi 9
108 Reykjavík

Reykjavík, 2. júní 2023
UST202305-143/B.S.
10.05.01

Efni: Rannsóknarleyfisumsókn Hornsteins við Landeyjarhöfn. Umsögn

Vísað er til erindis Orkustofnunar dags. 11. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda umsókn.

Fyrirhugað er að taka kjarnasýni af sjávarbotni í á 20-30 stöðum og verður hvert sýni minni en 1 m³. Hér er ætlunin að skoða hvort botnlífverur þrífist á svæðinu og jafnframt að greina hryggleysingja til tegunda. Einnig er stefna að því að taka allt að 4 prufudælingar með dæluskipi. Ef skipið er fyllt verður hver farmur um 1200 m³. Megintilgangur þessara dælinga er tvíþættur: annars vegar mat á efni og lífríki og hins vegar hversu lengi botninn er að ná jafnvægi eftir dælingu. Efni sem dælt verður upp verður losað aftur nálægt löndunarstað.

Hér er um nauðsynlegar rannsóknir að ræða til að unnt sé að meta umhverfisáhrif fyrirhugaðrar efnitöku við Landeyjasand.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við umsóknina.

Virðingarfyllt

Björn Stefánsson,
sérfræðingur

Axel Benediktsson,
sérfræðingur